

GJALDSKRÁ

Bláskógaljóss

1. Almennt
Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Bláskógaljóss í Bláskógabyggð.
Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.
2. Áskriftargjald
Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 2.419 + vsk.
3. Gjöld fyrir breytingar
Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfis miðju Bláskógaljóss frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð 3166,- auk vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.
3. Tengigjald nýrra notenda
Fyrir nýja tengingu greiðist einskiptisgjald kr. 202.000 + vsk auk því sem næst raunkostnaðar við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað.

Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúshverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði.

4. Leiga á ljósþráðum innan kerfisins
Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytinga á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræm við við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru á án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	5576,-
2	6969,-
3	8363,-
4	9757,-

5. Aðstöðuleiga í tækjarými í Aratungu
Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Bláskógaljóss stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarými í Aratungu skv. neðan greindu:

1 skáparými	36.500,- pr mánuð auk vsk
½ skáparými	18,250,- pr. mánuð auk vsk

Bláskógaljós getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

4. Önnur ákvæði.

Bláskógaljós leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar.

Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í tengingar í sumarhúsaðverfum nema náist um 60% þátttaka í hverfinu.


Stofngjöld verða innheimt þegar framkvæmdir byrja en heimilt er að dreifa greiðslu þeirra í 8 mánuði.

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum 1. jan. ár hvert skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógarbyggðar 17. apríl 2019 og tekur þegar gildi.

f.h. Bláskógaljóss

17. apríl 2019


Ásta Stefánsdóttir
